



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

Alþingi  
Erindi nr. P 135/225  
komudagur 16.11.2007

Allsherjarnefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. nóv. 2007

**Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu ýmissa lagaákvæða sem varða sölu áfengis og tóbaks - 135. löggjafarþing, þskj.6 – 6. mál : sala léttvíns og bjórs.**

Vísað er til bréfs nefndarritara allsherjarnefndar, dags. 2. nóvember sl., þar sem fram kemur beiðni til Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum er varða sölu áfengis og tóbaks.

Af því tilefni skal eftirfarandi tekið fram:

Á fundi velferðarráðs Reykjavíkurborgar þann 24. október sl. var lögð fram eftirfarandi ályktun ráðsins um framangreint frumvarp :

*Velferðarráð Reykjavíkurborgar varar við hugmyndum um aukið frelsi á áfengissölu sem lagt er til í nýju frumvarpi sem nú er til meðferðar á Alþingi Íslendinga. Samkvæmt upplýsingum Lýðheilsustöðvar sýnir fjöldi rannsókna að aðeins lítil aukning á aðgengi að áfengi auki áfengisneyslu, þar á meðal ungs fólks. Rannsóknir í Svíþjóð, Finnlandi, Bandaríkjunum og Kanada sýna fram á margföldun á neyslu þegar aðgengi er aukið með afnámi einkasölu. Þessar rannsóknir hafa ekki verið hraktar og ekki hefur verið hafnað tengslum áfengis og félagslegs vanda. Þá leggur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin áherslu á að mikil áfengisneysla skaðar heilsu og samfélag og eykur á ýmsan hátt félagslegan vanda. Líklegt er að þeir sem muni nýta sér aukið aðgengi að áfengi séu þeir sem síst skyldu. Afleiðingarnar munu bitna á börnum og ungmennum sem nú þegar búa við erfið uppeldisskilyrði vegna áfengisneyslu forráðamanna sinna.*

*Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sveitarfélög muni setja takmarkanir á sölu áfengis og hafa eftirlit með áfengisverslun. Flutningsmenn frumvarpsins hafa þó ekki rætt við Reykjavíkurborg um hvernig eigi að sinna þessum málum og taka á þeim vanda sem aukin áfengisneysla mun óhjákvæmilega leiða af sér. Engar ráðstafanir hafa verið*

*kynntar sem geta unnið gegn aukinni áfengisneyslu. Þá hefur ekki verið talað um hvort ríkið muni styðja sveitarfélög fjárhagslega til að sinna umræddu eftirliti.*

*Að lokum vill velferðarráð minna á forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar sem vinnur að því að skapa uppeldisskilyrði og samfélag sem eflir sjálfsmynd og sjálfstraust barna og ungs fólks m.a. með því að koma í veg fyrir og draga úr vímuefnaneyslu þeirra. Þá er Reykjavík í fararbroddi 18 evrópskra borga sem vinna markvisst gegn vímuefnanotkun ungs fólks.*

*Sjá tengil Lýðheilsustöðvar þar sem vísað er til rannsókna á þessu sviði.*

*<http://www.lydheilsustod.is/rannsoknir/afengi-og-vimuefni/ytarefni/nr/1063>*

-----

*Á vegum Reykjavíkurborgar starfar sérstakur hópur um forvarnir í borginni. Í hópnum sitja fulltrúar Velferðarsviðs, Menntasviðs, Leikskólasviðs og Íþrótt- og tómstundasviðs. Fyrir hönd hópsins er hér með komið á framfæri eftirfarandi athugasemdum :*

*Meðal verkefna samráðshóps um forvarnir í Reykjavík er að hafa yfirsýn, tryggja markvisst forvarnarstarf á vegum borgarinnar og hafa eftirlit með framkvæmd forvarnarstefnu borgarinnar sem samþykkt var í borgarráði í des. 2005.*

*Forvarnarstefna Reykjavíkurborgar nær til allra barna á aldrinum 0 -20 ára, foreldra þeirra og allra sem að málefnum þeirra og uppeldi koma. Leiðarljós stefnunnar er að skapa öllum börnum og ungmennum uppeldisaðstæður og umhverfi sem eflir sjálfstraust þeirra og sjálfsmynd.*

*Rannsóknir og reynsla þjóða, sem aukið hafa aðgengi að áfengi, sýna aukna neyslu. Því vill hópurinn skora á þá þingmenn sem eru fylgjandi frumvarpinu að endurskoða afstöðu sína og setja hagsmuni barna og ungmenna í forgang, ekki síst þeirra sem standa höllum fæti. Íslendingar geta verið stoltir af því að neysla áfengis hefur dregist saman í efstu bekkjum grunnskóla. Þar koma til margir samverkandi þættir s.s samtakamáttur foreldra, aukin vitneskja fullorðinna og barna um mikilvægi þess að fresta því að drekka áfengi, aukið samstarf þeirra sem vinna að málefnum barna og ungmenna, aukið aðhald og eftirlit með börnum undir lögaldri o.fl. En betur má ef duga skal. Það er staðreynd að um leið og börn eru komin í framhaldsskóla eykst neyslan strax á fyrsta ári. Foreldrar framhaldsskólanema kalla eftir stuðningi hvað þetta varðar og er mikilvægt að finna flöt á samstarfi við framhaldsskólana. Sú staðreynd að börn eru börn skv. lögum til 18 ára aldurs kallar á aukna ábyrgð foreldra og samfélagsins.*

*Stuðningur ráðamanna er mikilvægur fyrir samfélagið allt. Ekki síst til að stuðla að því að ungt fólk temji sér heilbrigðan lífsstíl. Að koma í veg fyrir aukið frelsi í áfengismálum getur haft afgerandi áhrif í lífi margra til hins betra og stuðlað að betri uppeldisaðstæðum fyrir fleiri börn. Auk þess eru það skýr skilaboð til samfélagsins um*

*að hver einstaklingur skipti máli og að hagsmunir barna og þeirra sem minna mega sín séu settir ofar öðrum hagsmunum.*

*Hópurinn tekur undir og fagnar ályktun Velferðarráðs Reykjavíkur frá fundi ráðsins 29. október sl. þar sem ráðið m.a. varar við hugmyndum um aukið frelsi í áfengissölu.*

Ef frekari upplýsinga er óskað verða þær góðfúslega veittar.

Virðingarfyllst,

f.h. Velferðarsviðs Reykjavikurborgar,

  
Helga Jóna Benediksdóttir, lögfr.